

---

# HAFNARSTJÓRN SÚÐAVÍKURHREPPS

## FUNDARGERÐ

### 2. FUNDUR, KJÖRTÍMABILIÐ 2006-2010.

---

Árið 2006, 19. september kl. 16:00 hófst fundur í hafnarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers að Grundarstræti 3 Súðavík.

Eftirtaldir sátu fundinn: Barði Ingibjartsson formaður, Þráinn Ágúst Garðarsson, Karl G. Kjartansson, Frosti Gunnarsson hafnarvörður og Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn bauð fundarmenn velkomna og var gengið til dagskrár.

#### Dagskrá:

1. Tilkynning um hafnasambandsþing 2006
2. Aðstaða fyrir smærri báta í Súðavíkurhöfn
3. Reglugerð nr. 224/2006 um vigtun og skráningu sjávaraflla
4. Önnur mál

---

#### 1. Tilkynning um hafnasambandsþing 2006

Samkvæmt tilkynningu verður hafnarsambandsþingið haldið á Höfn í Hornafirði 12. og 13. október nk.

Hafnarstjórn er sammála um að gefa sveitarstjóra og formanni hafnarstjórnar kost á að sækja þingið.

#### 2. Aðstaða fyrir smærri báta í Súðavíkurhöfn

Hafnarstjórn leggur til við sveitarstjórn um að bætt verði við viðleguplássi fyrir báta vegna töluverðar aukningar á nýjum bátum í Súðavík. Fjárfest verði í flotbryggju fyrir um átta til tíu báta og henni komið fyrir í krikanum utan til við trébryggjuna á suðurkantinum.

#### 3. Önnur mál


Ekkert kom fram undir liðnum önnur mál.

#### Lagt fram

#### 4. Reglugerð nr. 224/2006 um vigtun og skráningu sjávaraflla

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt.  
Fundi slitið kl. 17:45

  
formaður

